

REGLUGERÐ **um brunavarnagjald**

1. gr.

Öll tryggingafélög og aðrir, sem annast váttryggingar, skulu árlega innheimta með iðgjöldum sínum, sérstakt brunavarnagjald fyrir Brunamálastofnun ríkisins. Brunavarnagjaldið skal nema 0,045‰ af váttryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár svo og samsettra váttrygginga, sem fela í sér brunatryggingu.

Gildi váttrygging skemur en eitt ár, skal innheimta brunavarnagjald í hlutfalli við gildistímann.

2. gr.

Á iðgjaldakvittun tryggingafélaga og þeirra, sem annast váttryggingar skal koma fram sundurgreining milli annars vegar fjárhæðar iðgjalds brunatryggingar og hins vegar fjárhæðar brunavarnagjaldsins.

3. gr.

Þeir aðilar, sem innheimta brunavarnagjaldið, skulu hafa staðið Brunamálastofnun ríkisins skil á gjaldinu innan þriggja mánaða frá innheimtu þess. Endanlegt uppgjör gjaldsins fyrir hvert ár fer fram, þegar ársreikningar aðilanna liggja fyrir.

4. gr.

Reglugerð þessi skal öðlast gildi hinn 1. janúar 1988.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 74/1982 um brunavarnir og brunamál með síðari breytingu.

Félagsmálaráðuneytið, 28. desember 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir

Húnbogi Þorsteinsson